

# STARFSLEYFI

## Steypustöðin

Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu, viðgerðaaðstaða eigin véla

**Hrísmýri 8, fastanr. F2186464**  
**800 Selfoss**

kt. 660707 0420

Nafn og kt. rekstraraðila: **Steypustöðin ehf., kt. 660707 0420**  
Heimilisfang: **Malarhöfða 10, 110 Reykjavík**

**Útgáfudagur: 19. nóvember 2020**      **Gildir til: 19. nóvember 2032**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur, bifreiðaverkstæði og  
skyldan rekstur  
dags. 19. nóvember 2020**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss    kt. 480284 0549    Sími 480 8250

Selfossi, 19. nóvember 2020

*Stella Hrönn*

**Stella Hrönn Jóhannsdóttir**  
heilbrigðisfulltrúi



# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

## steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur

### Steypustöðin ehf.

Hrísmýri 8

800 Selfoss

kt. 660707 0420

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda um rekstur steypistöðvar og steypueiningaverksmiðju.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur, s.s. verkstæði, gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Rekstraraðili skal uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfsviði sínu. Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið og beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum. Orka skal vera vel nýtt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili skal veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðisnefnd metur innan fjögurra vikna frá móttöku upplýsinganna hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.	550/2018 13. gr.	
1.6	Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður. Leggist hún niður skal fjarlægja allan rekstrarúrgang og spilliefni og skila til viðeigandi móttökustöðva fyrir úrgang. Einnig skal ganga frá mannvirkjum þannig að hætta stafi ekki af þeim.	550/2018	
1.7	Endurskoða skal starfsleyfið í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018.	550/2018 14. gr.	

1.8	Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn skv. 6. gr. og upplýsingum um mengunarvarnareftirlit skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018.	550/2018 6. og 57. gr	
-----	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------	--

## 2. ATHAFNASVÆÐI OG LÓÐARUMGENGNI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Halda skal mannvirkjum, lóð, lóðaraðkomu og bílastæðum snyrtilegum.	737/2003	
2.2	Haga skal nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag, virða lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.3	Bifreiðum, tækjum og lausamunum, sem ekki er í notkun, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og án þess að vera til lýta í umhverfi.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	
2.4	Óheimilt er að geyma bílhæ og annan úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu, í samræmi við ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
2.5	Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.6	Lagerhald á framleiðsluvörum skal vera á afmörkuðu svæði á lóð í samræmi við samþykka lóðarskilmála.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	
2.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á slysavörnum á sínu athafnasvæði. Takmarka skal umferð óviðkomandi um lóð og girða hana í samráði við skipulagsyfirvöld.	941/2002	

## 3. ALMENNAR KRÖFUR UM MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennislagna skulu vera tiltækar hjá rekstraraðila. Breytingar á frárennlikerfi þurfa samþykki byggingafulltrúa. Búnaði til mengunarvarna skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ. Ekki má skerða mengunarvarnir á fráveitu sem fyrir eru né takmarka möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.	798/1999	
3.2	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	



3.3	Við meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind hverju sinni. Jafnframt skal meðhöndlun úrgangs vera í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 737/2003.	737/2003 11. gr.	
3.4	Geyma skal spilliefni og önnur hættuleg efni aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum eða úrgangi í vel merktum ílátum. Að notkun lokinni skal skila spilliefnum til viðurkenndra söfnunar- eða móttökustöðva. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999, um spilliefni.	806/1999	
3.5	Óheimilt er að losa spilliefni og önnur hættuleg efni í fráveitu.	798/1999	
3.6	Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka vatnsnotkun og halda ítarlega skrá yfir hana sem sé aðgengileg í eftirliti.	550/2018	
3.7	Rekstraraðili er skyld að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.	724/2008 8. gr.	
3.8	Óheimilt er að skilja ökutæki eftir í gangi þegar þau eru yfirgefin sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppspretta.	788/1999 6. gr.	
3.9	Oliutankar skulu vera í þróm eða staðsettir á öruggan hátt á olíuheldu plani með afrennsli í samþykktu olíuskilju. Olíuáfyllingar skulu fara fram á áfyllingsplani sem tengt sé olíuskilju.	884/2017	
3.10	Afla þarf leyfis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir frágangi, staðsetningu og stærð oliutanka. Sama gildir um frágang á áfyllingarplani og olíuskilju.	884/2017	

#### 4. SÉRTÆKAR KRÖFUR UM MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Rekstraraðili skal tryggja að ryk frá lóð og starfsemi valdi ekki ónæði eða tjóni utan lóðarmarka með því m.a. að: a) Hafa akstursleiðir, bílaplön og geymslusvæði með bundnu slitlagi til að auðvelda hreinsun. b) Skipuleggja reglubundin þrif á akstursleiðum, geymslusvæðum og plönnum, þannig að sem minnst óþægindi og mengun vegna ryks stafi frá þessum svæðum. c) Á stöðinni sé aðgengilegur búnaður til dekkjaþvotta fyrir steypu- og vöruflutningabifreiðar og önnur þungavinnutæki.	788/1999 og rgl. nr. 787/1999	
4.2	Rekstraraðili skal leita leiða til að endurvinna afgangssteypu.	737/2003 11. gr.	

4.3	Rekstraraðili skal hafa þvottaðstöðu til þrifa á búnaði, tækjum og bifreiðum.	550/2018	
4.4	Frárennsli frá stöðinni skal hreinsað áður en því er veitt í móttaka. Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli. a) Fráveituvatn frá steypustöð, allri þvottaðstöðu fyrir búnað, tæki og bifreiðar, endurvinnslustöð, akstursleiðum í kringum steypustöð og öðrum þeim stöðum þar sem líkur eru á sementsríku vatni, skal leiða í fráveitu sveitarfélagsins nema um annað sé getið í lóðarskilmálum. Á fráveitu skal vera fellibúnaður eða annar búnaður með sambærilega virkni sem tryggir hreinsun á fráveituvatni að því marki að það geti ekki skaðað fráveitukerfi sveitarfélagsins, sbr. ákvæði I. viðauka með reglugerð nr. 798/1999. b) Afrennsli frá öðrum hlutum lóðar, en þar sem líkur eru á að vatn sé sementsmengað, skal leitt í sandfang áður en það fer í fráveitu bæjarfélagsins eða í annan móttaka í samræmi við lóðarskilmála.	798/1999	
4.5	Ef þörf krefur skal nota vatn eða samþykkt rykbindiefni til að lágmarka rykmyndun frá efnishaugum.	787/1999 5. gr.	
4.6	Hráefnislager (sandur, mól o.s.frv.) skal geyma í aðgreindum og afskermuðum hölfum í samráði við byggingarfulltrúa. Efnislager skal ekki vera hærri en veggir utan um hölfina nema annað hafi verið samþykkt af bæjarskipulagi. Fínefni (t.d. sement) skal eingöngu geyma í lokuðum efnissílóum eða í lokuðum geymslum.	787/1999 5. gr.	
4.7	Lágmarka skal eins og kostur er notkun á hættulegum eða umhverfisskaðlegum efnum s.s. við hreinsun tækja og í steypumót. Velja skal umhverfissvænni efni þar sem þess er kostur. Rekstraraðili skal halda ítarlega skrá yfir efnanotkun sem sé aðgengileg í eftirliti.	550/2018	
4.8	Rekstraraðili skal skila afgangi steypu, sem ekki er unnt að endurvinna, og ónýtum steypueiningum til viðurkenndra söfnunar- eða móttökustöðva fyrir úrgang. Geymslu á úrgangsefnum á lóð skal halda í lágmarki.	737/2003 11. gr.	

## 5. ÝMIS ÁKVÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Eintak af starfsleyfi skal ávallt tiltækt á vinnustað.	550/2018	
5.2	Um starfsumhverfi og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi starfsfólks, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð 787/1999 um loftgæði, reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP), reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppspretna.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):**

Selfossi, 19. nóvember 2020

Fh. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur almennra bifreiðaverkstæða, verkstæði fyrir þungavinnutæki, aðstöðu verktaka með þungavinnuvélar og annan skyldan rekstur.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

## 2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
2.2	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhræ, bílhluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slysaþættu.	737/2003	
2.3	Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.4	Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003 16. og 18. gr.	

### 3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal olíuskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
3.3	Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápu efni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíuskiljum.	550/2018	
3.4	Hafa skal reglubundið eftirlit með olíuskilju og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1999 5. gr.	
3.5	Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
3.6	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíuskilju.	798/1999 5. gr.	

### 4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Olíugeymar og olíulagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
4.2	Olíugeymir með afgreiðsludælu skal staðsettur á steypu plani með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olíuskilju.	884/2017	
4.3	Staðsetja skal geyma og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsolíu í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir.	550/2018 og rgl. nr. 884/2017	
4.4	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt þar sem ekki stafar mengunarhætta af og í upprunalegaum umbúðum. Eiturefni s.s. flúrsýru skal geyma í læstum skáp. Skápurinn skal vera loftræstur og að við hillur skulu vera lekabyttur.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
4.5	Öryggisblöð fyrir merkingaskýld efni skulu vera á staðnum.	888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	



## 5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Þurrum, pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.2	Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.3	Ganga skal þannig frá olíusmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætt á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.4	Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.5	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.6	Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stöð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

### Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Selfossi, 19. nóvember 2020

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrönn*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

### **Stepustöðin ehf.**

kt. 660707 0420

**Malarhöfða 10,  
110 Reykjavík**

vegna stepustöðvar í starfstöð fyrirtækisins að Hrísmýri 8 á Selfossi.

#### **1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu**

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 25. ágúst sl. umsókn Kai Westphal, kt. 231166 2039, f.h. Stepustöðvarinnar ehf., kt. 660707 0420, um starfsleyfi fyrir stepustöð að Hrísmýri 8, 800 Selfoss.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst samdægurs á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is).

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu að starfsleyfi byggðu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, endurskoðuðum árið 2017 með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

#### **2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa**

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu eða starfsemi fyrirtækisins, var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti.

#### **3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu**

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.





Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir steypustöð á vegum Steypustöðvarinnar ehf. á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 3. september sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 1. október sl.

Áður en til afgreiðslu starfsleyfisumsóknar og útgáfu starfsleyfis kom, kom í ljós að láðst hafði að auglýsa starfsleyfisskilyrði fyrir viðgerðaaðstöðu eigin véla samhliða starfsleyfisskilyrðum fyrir steypustöð. Því var ákveðið að auglýsa starfsleyfi Steypustöðvarinnar að nýju, með báðum ofangreindum starfsleyfisskilyrðum. Auglýsingin var birt þann 9. október sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 6. nóvember sl.

#### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### **5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Á 208. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 13. nóvember sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Steypustöðvarinnar ehf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára.

Hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

#### **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 19. nóvember 2020.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi